



Hestaferðir og hestaleigur

Sértæk gæðaviðmið nr. 210

5. útgáfa 2022

Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

210-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
210-1.1	Fyrir hverja ferð er til ferðaáætlun (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
210-1.2	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum t.d.: <ul style="list-style-type: none"> a. Búnað til að veita fyrstu hjálp fyrir menn og hesta. b. Fjarskiptabúnað. c. Leiðsögutæki. d. Aukafatnað. e. Endurskinsmerki í vetrarferðum. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð.			
210-1.3	Til er skrifleg áætlun um viðhald, þrif og endurnýjun búnaðar. Í henni er m.a. fjallað um eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> a. Reglulega skoðun og prófun búnaðar. T.d. reiðtygi yfirfarin, borið á þau og slitnum hlutum skipt út eftir þörfum. b. Sótthreinsun og þrif á búnaði. c. Líftíma búnaðar m.t.t. aldurs og notkunar, þar með talið hjálmur (sjá viðurkennd viðmið framleiðanda). 			
210-1.4	Fjöldi viðskiptavina á hvern leiðsögumann er að hámarki átta.			

210-1.5	Leiðsögumenn/starfsfólk hefur kunnáttu til að velja hesta með tilliti til hæfni og reynslu viðskiptavina og getur metið hversu hratt skal fara miðað við aðstæður.			
210-1.6	Í undirbúningi fyrir ferðir fara leiðsögumenn yfir gátlista þar sem fram koma atriði varðandi m. a.: a. Ferðaáætlun og leiðir sem fara skal. b. Veðurspá. c. Búnað. d. Upplýsingar um viðskiptavini. e. Að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum.			
210-1.7	Þess er ávallt gætt að ístöð séu í réttri lengd og að hnakkjarðir séu vel hertar.			
210-1.8	Allir sem sitja hesta í ferð nota hjálma. Hjálmar og annar búnaður sem kemur erlendis frá er sótthreinsaður samkvæmt þeim reglum sem eru í gildi hverju sinni.			
210-1.9	Þess er gætt að virða alltaf ýtrustu reglur um sóttvarnir til að hindra útbreiðslu sjúkdóma í búfénaði sbr. gildandi lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.			
210-1.10	Til er gátlisti fyrir leiðsögumenn um þau öryggisatriði sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð og á meðan ferð stendur m.a. varðandi: a. Staðhætti og veðurskilyrði. b. Tímaáætlun. c. Öryggisráðstafanir þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar vegna aðstæðna t.d. í miklum bratta, á grýttum svæði, reiðleiðum við sjó og vötn, ef holklaki er í slóðum, við þjóðvegi og fleira. d. Viðeigandi skjólfatnað og búnað.			

	e. 112 neyðarnúmer á Íslandi.			
210-1.11	Fyrirtækið tryggir að í þeim tilfellum sem fara þarf yfir vatnsföll hafi leiðsögumenn þekkingu til að velja vöð þar sem straumur, dýpi og bakkar henta til yfirferðar.			
210-1.12	Fyrirtækið upplýsir viðskiptavini um nauðsyn þess að vera í góðu líkamlegu ástandi og að neysla áfengis eða vímuefna geti komið í veg fyrir þátttöku í ferð.			
210-1.13	Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.			
210-2	Aðbúnaður og umhirða hrossa	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
210-2.1	Fyrirtækið starfar samkvæmt reglugerð um velferð hrossa og sér til þess að starfsmönnum sé kynnt efni hennar.			
210-2.2	Gólf hesthúsa eru með stömu yfirborði sem auðvelt er að þrifa. Gólf í stíum eru þrífaleg og mjúk.			
210-2.3	Stíur eru það stórar að hestar geti auðveldlega legið og snúið sér innan þeirra og ekki minni en ákvæði gildandi reglugerðar um velferð hrossa segja til um.			
210-2.4	Haldin er dagbók um notkun og umhirðu hrossa. Álag á hross er aldrei meira en þrek þeirra leyfir.			
210-3	Umhverfi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
210-3.1	Fyrirtækið leitast við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif vegna starfseminnar, forðast ofbeit og mikið álag á viðkvæma náttúru.			

210-3.2	Ávallt eru notaðir vegir/slóðar eða leiðir þar sem umferð veldur ekki skemmdum á gróðri eða jarðvegi. Sé þess kostur skal nota merkta vegi eða slóða. Farið er eftir lögum og reglugerðum um náttúruvernd.			
210-3.3	Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
210-3.4	Allur úrgangur sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður.			
210-3.5	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			
210-4	Menntun og þjálfun	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
210-4.1	Leiðsögumenn hafa reynslu af leiðsögn í hestaferðum.			
210-4.2	Leiðsögumenn fá þjálfun í notkun tækjabúnaðar m.a. til að geta gefið upp staðsetningu og veitt upplýsingar um aðgengi að því svæði sem farið er um ef kalla þarf eftir aðstoð. Í þjálfuninni skal m.a. fara yfir eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> a. Notkun áttavita og korts. b. Notkun GPS staðsetningartækis. c. Notkun viðeigandi fjarskiptamáta fyrir mismunandi svæði, t.d. farsími, talstöð og Tetra. 			
210-4.3	Allir leiðsögumenn og starfsmenn í ferðum hafa lokið skyndihjálparnámskeiði (4 klst.) frá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið á tveggja ára fresti.			
210-4.4	Leiðsögumenn í lengri ferðum (fjórar klst. eða lengri) hafa lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjálp 1</i> (20 klst.) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu skyndihjálparnámskeiði* frá			

	viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið (4 klst.) á tveggja ára fresti.			
210-4.5	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð um óbyggðir** hefur lokið námskeiðinu Vettvangshjálpi í óbyggðum (WFR) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila og sækir upprifjunarnámskeið á þriggja ára fresti.			
210-4.6	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð um óbyggðir** hefur lokið námskeiðunum <i>Ferðamennska og Rötun</i> hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegum námskeiðum* hjá öðrum aðila.			

**Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttektaaðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda námskeiðslýsingu og upplýsingar um leiðbeinanda námskeiðsins. Úttektaraðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.*

***Óbyggðir eru staðir eða svæði þar sem tekur a.m.k. tvær klst. að fá utanaðkomandi bjargir.*

Ath. Að sumri á viðmið 210-4.6 ekki við ef farið er um F-vegi.